



# Aðalfundur

Borgartúni 27 • 105 Reykjavík

**28. maí 2026**



**ÞROSKAÞJÁLFAFÉLAG  
ÍSLANDS**



**Áræðni - Framþróun - Sveigjanleiki**



## Dagskrá

### Pessi eru skyldustörf aðalfundar:

- Kosnir starfsmenn fundarins
- Formaður leggur fram skýrslu stjórnar
- Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu og gerir grein fyrir fjárhag þess
- Lagabreytingar
- Kosning í stjórn, nefndir og ráð
- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga félagsins og eins til vara
- Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og félagsgjöld ákveðin
- Önnur mál
- Ofbeldi í starfi, könnun á ofbeldi meðal félagsfólks PÍ
- Stefnumótun Proskapjálfafélags Íslands frá 2025 til 2035

## Skýrsla stjórnar starfsárið 2026 - 2027

Árið 2025 fagnaði Proskapjálfafélag Ísland 60 ára afmæli. Þann 18. maí 1965 tóku sig saman öflugar og framsýnar konur og stofnuðu Félag gæslusystra. Á aðalfundi árið 1996 var samþykkt að breyta nafni félagsins í Proskapjálfafélag Íslands.

### Stjórn PÍ skipuðu:

Stjórn PÍ skipuðu: **Laufey Elísabet Gissurardóttir** formaður, **Jóhanna Lilja Ólafsdóttir** varaformaður, **Gerður Pálsdóttir** ritari, **Steinunn Jónsdóttir** gjaldkeri og meðstjórnendurnir, **Auður Björk Kvaran**, **Pórdís Adda Haraldsdóttir** og **Særún Ósk Böövarsdóttir**.

### Tengiliðir við nefndir og ráð:

**Laufey Elísabet Gissurardóttir** er fulltrúi í stjórn NFFS og tengiliður við Proskahjálp, **Jóhanna Lilja Ólafsdóttir** er tengiliður við trúnaðarmannaráð, **Auður Björk Kvaran** er tengiliður við fagråd, **Steinunn Jónsdóttir** er tengill við Vísindasjóð sem og gjaldkeri, **Særún Ósk Böövarsdóttir** er tengiliður við laganefnd, **Pórdís Adda Haraldsdóttir** er tengiliður við útgáfuråd og **Anna Lilja Magnúsdóttir**, framkvæmdastjóri PÍ, er tengiliður við kjörnefnd og siðanefnd.

Hér á eftir verður greint frá því helsta í starfi stjórnar og félagsins á liðnu ári.



Umbrót: Margrét Króyer

Útskriftarnemar voru 2025 með viðbótardiplómu til starfsleyfis í proskapjálfafræðum

## Hlutverk skrifstofu

Á skrifstofu félagsins starfar formaður, Laufey Elísabet Gissurardóttir, og framkvæmdastjóri, Anna Lilja Magnúsdóttir, í fullu starfi. Stjórnarfundir voru bæði rafrænir og á staðnum. Á skrifstofunni eru un- nin flest þau verkefni sem snúa að rekstri félagsins og stjórnun þess. Meðal helstu verkefna má nefna:

- Ráðgjöf vegna ráðningarsamninga og kjara- og réttindamála.
- Ráðgjöf vegna starfsmats hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum auk vinnu tengdri starfsmati.
- Aðstoða félagsfólks, trúnaðarmenn og fulltrúa í samstarfsnefndum og kjaranefndum við túlkun og framkvæmd kjarasamninga.
- Kjarasamningagerð og stofnanasamningagerð.
- Upplýsingar varðandi launakjör og launapróun.
- Fræðsla frá formanni og framkvæmdastjóra út á stofnunum/fyrirtækjum þar sem félagsfólk starfar.
- Funda með trúnaðarmannaráði og félagsfólki á vinnustöðum um allt land.
- Aðstoð við lausn ágreiningsmála á vinnustað.
- Félagið er talsmaður/fulltrúi félagsfólks í einstaklingsmálum, ef óskað er eftir.
- Lögfræðipjónusta BHM á sviði vinnuréttar.
- Ráðgjöf til félagsfólks í atvinnuleit og stuðningur til atvinnulausra félagsfólks. Félagið birtir einnig atvinnuauklýsingar fyrir félagsfólk og vinnustaði.
- Annast samstarf við NFFS (nordisk forum for socialpedagoga og situr formaður ásamt varaformanni í stjórn NFFS) einnig samstarf við AIEJI (International Association of Social Educators) sem eru alþjóðleg samtök proskapjálfa/social educators.
- Annast samstarf við Menntavísindasvið HÍ og reglubundna fræðslu til háskólanema.
- Aðgangur að sjóðum BHM (Styrktarsjóður, Sjúkrasjóður, Orlofssjóður, Starfsmenntuna sjóður, Starfsþróunarsetur háskólamanna) og orlofshúsum BHM.

- Styrki úr Vísindasjóði.
- Vinna tengd BHM svo sem í nefndum og ráðum auk samráðs og stuðnings við ráð og nefndir PÍ.
- Halda yfirlit yfir og bókfæra innheimt félagsgjöld og önnur samningsbundin og lögboðin gjöld.
- Annast skráningu nýs félagsfólks og viðhalda félagaskrá og netfangalista.
- Sendu grunnupplýsingar til vinnuveitenda varðandi félagsgjöld og sjóði.
- Annast skjalavörslu, bréfaskriftir og upplýsingamiðlun.
- Annast dagleg samskipti við viðskiptaaðila, s.s. stjórnir, nefndir, ráð, BHM, DK, viðskiptabanka og Advania.
- Undirbúa aðalfund, félagsfundi, fræðslufundi, málþing og fræðsludaga ásamt undirbúningsnefnd fagráðs og stjórn PÍ eftir atvikum.

Reikningsár skrifstofunnar er almanaksárið. Reikningar eru skoðaðir af gjaldkera og skoðunarmönnum félagsins. Félagið er með keypta þjónustu hjá bókkera og löggildan endurskoðanda til að sjá um bókhald félagsins.

Aðsetur PÍ er að Borgartúni 27, 2. hæð. Ef þú þarft að fá viðtal hjá okkur þá mælum við með því að þú pantir viðtalstíma með því að senda tölvupóst á [throska@throska.is](mailto:throska@throska.is) eða hringja í síma félagsins 595-5160.

Reikningsár skrifstofunnar er almanaksárið. Reikningar eru skoðaðir af gjaldkera og skoðunarmönnum félagsins. Félagið er með aðkeypta þjónustu hjá bókkera og löggildan endurskoðanda til að sjá um bókhald félagsins.

Aðsetur PÍ er að Borgartúni 27, 2. hæð. Ef þú þarft að fá viðtal hjá okkur þá mælum við með því að þú pantir viðtalstíma með því að senda tölvupóst á [throska@throska.is](mailto:throska@throska.is) eða hringja í síma félagsins 595-5160.



# Hefðbundin stjórnarstörf

Stjórn fundaði reglulega á árinu eða í alls 10 skipti.

Auk þess hafa umfjöllunarefni stjórnar þetta árið verið fagmál, kjaramál, erlent samstarf, starfsemi BHM auk rekstrarmála félagsins. Stjórn PÍ skipaði afmælisnefnd sem hafði umsjón með viðburðum á árinu 2025 vegna 60 ára afmælisins ásamt stjórn, hana skipuðu **Anna Lilja Magnúsdóttir**, **Auður Björk Kvaran**, **Hanna Kristín Sigurðardóttir**, **Jóhanna Margrét Einarsdóttir** og **Laufey Elísabet Gissurardóttir**.

## Starfsárið 2025 - 2026

Fyrsti fundur með nefndum og ráðum var haldinn 27. ágúst 2025.

Í ráðum og nefndum félagsins þetta starfsár eru:

### Fagráð

**Birgitta Elín Helgadóttir** (2025-2027)  
**Bjarnveig Magnúsdóttir** (2024 – 2026)  
**Jóhanna Margrét Einarsdóttir** (2025-2027)  
**Póra María Rögnvaldsdóttir** (2024-2026)  
**Sara Hlín Liljudóttir** (2025-2027)  
**Kristín Hulda Þórarinsdóttir** (2024-2026)  
**Ólöf Haflína Ingólfsdóttir** (2024-2026)

Tengiliður við stjórn: **Auður Björk Kvaran**

### Kjörnefnd

**Íris Björk Ágústsdóttir** (2024-2026)  
**Álfheiður Hafsteinsdóttir** (2025-2027)  
**Stefanía Smáradóttir** (2025-2027)  
**Kristrún Huld Sigurðardóttir** (2025-2027)  
**Ragnhildur Þórarinsdóttir** (2024-2026)

Tengiliður við stjórn: **Anna Lilja Magnúsdóttir**

### Laganefnd

**Arne Friðrik Karlsson** (2024-2026)  
**Björn Finnbogason** (2024-2026)  
**Damian Marek Idzikowski** (2025-2027)  
**Guðlaug Valgeirsdóttir** (2025-2027)  
**Katrín Eyjólfsson** (2025-2027)

Tengiliður við stjórn: **Særún Ósk Böðvarsdóttir**

### Útgáfuráð

**Rósa Halldórsdóttir** (2024-2026)  
**Sunna Líf Kristjánsdóttir** (2024-2026)  
**Guðrún Benjamínsdóttir** (2024-2026)  
**Trausti Júlíusson** (2025-2027)  
**Valborg Helgadóttir** (2025-2027)  
**Venný Hönnudóttir** (2025-2027)  
**Laufey Elísabet Löve frá Rannsóknarstofu í þroskaþjálfaræðum**

Tengiliður við stjórn: **Þórdís Adda Haraldsdóttir**

### Vísindasjóðsstjórn

**Valborg Helgadóttir**, formaður  
**Steinunn Jónsdóttir**, gjaldkeri  
**Þórunn Halldórsdóttir**, ritari

Tengiliður við stjórn: **Anna Lilja Magnúsdóttir**

### Siðanefnd

**Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir** (2024-2027)  
**Guðný Sigurjónsdóttir** (2022-2025)  
**Sigrún Broddadóttir** (2023-2026)

### Varamenn:

**Árni Már Björnsson** (2024-2027)  
**Friðrik Sigurðsson** (2022-2025)  
**Signý Þórðardóttir** (2023-2026)

Tengiliður við stjórn: **Anna Lilja Magnúsdóttir**

Skoðunarmenn reikninga eru **Sigríður Rut Hilmarsdóttir** og **Fanney Sumarliðadóttir**

Stéttarfélagar eru 792 talsins auk 12 fagaðila og eru konur í meirihluta eða 731 og karlar 61. Auk þess eru namar í þroskaþjálfaræðum skráðir með nemeaðild.



Áræðni - Framþróun - Sveigjanleiki

## Í trúnaðarmannaráði eru:

Vestmannaeyjar  
**Ásgeir Már Ólafsson**

Reykjavík-búseta  
**Ingibjörg Elín Jóhannsdóttir**

Akureyri - búseta  
**Bergþóra Anna Stefánsdóttir**

Ás styrktarfélag – Ás vinnustofa  
**Jóhanna Hauksdóttir**

Vestfirðir  
**Birgitta Rós Björnsdóttir**

Hafnarfjörður - Víðivellir  
**Kristín Helga Marinósdóttir**

Velferðarsvið/Kópavogur  
**Björg Maggý Pétursdóttir**

Hafnarfjörður - grunnskólar  
**Margrét Erla Haraldsdóttir**

Klettaskóli  
**Brynja Eyþórsdóttir**

Norðurland vestra  
**María Ylfa Lebedeva**

Austurland  
**Fríða Björnsdóttir**

Akranes  
**Martha Lind Róbertsdóttir**

Landspítali- Ríki  
**Gerður Pálsdóttir**

Mosfellsbær  
**Melkorka Rán Ólafsdóttir**

Ás styrktarfélag/dagþjónusta  
**Guðbjörg Haraldsdóttir**

Reykjavík-dagþjónusta  
**Oddrún Ólafsdóttir**

Leikskólar Reykjavíkur  
**Guðný Bachmann**

Reykjavík - grunnskóli  
**Ragnheiður E. Ragnarsdóttir**

Suðurland, búseta-dagþjónusta  
**Guðrún Linda Björgvinsdóttir**

Reykjanesbær  
**Sigrún Sigurðardóttir**

Fellaskóli grunnskóli í Reykjavík  
**Gunnhildur Halldóra Axelsdóttir**

Kópavogur - grunnskólar  
**Þórunn Guðrún Einarsdóttir**

Grunnskóli - Akureyri  
**Hafrún Bylgja Guðmundsdóttir**

Hafnarfjörður - Setbergsskóli  
**Anna María Snorrardóttir**

Reykjavíkurborg –  
 Skrifstofa málaflokks fatlaðs fólks  
**Halldóra Jóhannsdóttir Sanko**



## Pop-up fundur með frambjóðendum í Reykjavík

Pop-up fundur með frambjóðendum í Reykjavík til sveitastjórnarkosninga var haldinn 20. apríl. Rætt var um um stöðu velferðarþjónustu og helstu áskoranir á næstu misserum með áherslu á fagmennsku og starfsumhverfi félagsfólks sem starfar hjá borginni. Markmið fundarins var að færa frambjóðendum skýr skilaboð frá fagfólki sem starfar daglega í framlínu velferðarþjónustunnar. Fimm fag- og stéttarfélög á heilbrigðissviði innan BHM héldu fund með fulltrúum átta frambóða sem líkleg eru til að komast inni borgarstjórn.

Þessi fimm félög eru: **Proskapjálfafe­lag Íslands, Félag sjúkrá­þjálfara, Fé­lagsráðgjafafélag Íslands, Ið­uþjálfafélag Íslands og Sálfræðingafélag Íslands.**

**Frambjóðendur frá eftirfarandi flokkum mættu á fundinn:** Samfylkingin (Regína Ásvaldsdóttir og Pétur Marteinson), Vinstrið grænt framboð (Stefán Pálsson og Ásta Dís Skjalddal), Píratar (Alexandra Briem), Flokkur fólksins (Guðmundur Ingi Þóroddsson og Einar Sveinbjörn Guðmundsson), Framsóknarflokkur (Magnea Gná Jóhannsdóttir og Þorvaldur Daníelsson), Miðflokkur (Kristín Kolbrún Kolbeinsdóttir Waage), Viðreisn (Róbert Ragnarsson) og Sjálfstæðisflokkur (Ragnhildur Alda Vilhjálmsson). Þannig var tryggt breitt samráð milli helstu flokka sem eiga raunhæfa möguleika á að ná kjöri í borgarstjórn.



## Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks lögfestur

Sá ánægjulegi og löngu tímabæri atburður gerðist á Alþingi 12. nóvember 2025 að Ísland lögfesti Samning sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Það var þáverandi félags- og húsnæðismálaráðherra, Inga Sæland, sem mælti fyrir frumvarpinu og stóð þar með við loforð sem hún gaf um leið og hún tók við embættinu. Ísland undirritaði samninginn árið 2007 og fullgilti hann árið 2016. Með lögfestingu verður samningurinn að lögum hér á landi sem þýðir að fatlað fólk getur krafist réttar síns á grundvelli hans, sem er auðvitað mikil breyting. Ísland var mjög seint að lögfesta samninginn. Í dag hafa nær allar þjóðir heims gert það, en langstærsta ríkið sem hefur enn ekki lögfest hann eru Bandaríkin.



Kjaramál

### 1. maí 2026 proskapjálfar mættir í kröfugöngu

Á tímabilinu ríkti stöðugleiki í kjaramálum félagsins. Núgildandi kjarasamningar við alla helstu samningsaðila, ríkið, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga (SNS), Ás styrktarfélag og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) voru undirritaðir á síðasta starfsári og gilda allt til 31. mars 2028.

Þótt samningar gildi til langs tíma fylgist félagið náið með efnahagsþróun og verðbólgu í nánú samstarfi við BHM, enda eru í samningunum ákvæði um endurskoðun á forsendum þeirra ef þörf krefur.



## Proskapjálfafélag Íslands 60 ára

Árið 2025 var tímamótaár í sögu Proskapjálfafélags Íslands. Þá fögnuðum við 60 ára afmæli félagsins og var tilefni til að fagna árangri liðinna áratuga, en einnig til að staldra við, meta stöðuna og horfa fram á veginn.

Félagið var stofnað 18. maí 1965, þá undir heitinu Félag gæslusystra. Framsýnar konur lögðu þar grunn að fagfélagi með skýra sýn: að standa saman vörð um fagmennsku og að gæta hagsmuna og réttinda fatlaðs fólks. Sú sýn hefur fylgt félaginu allar götur síðan og mótað störf proskapjálfa í síbreytilegu samfélagi.

Afmælisárið gaf okkur dýrmætt tækifæri til að rifja upp baráttu og árangur stéttarinnar, en ekki síður að minna okkur á eldmóðinn og kjarkinn sem þurfti til að byggja upp fagstétt sem í dag stendur sterk og samheldin. Slíkur arfur er bæði innblástur og ábyrgð. Það skiptir máli að proskapjálfaframtíðarinnar þekki mikilvægi öflugts félags sem er bæði fag- og stéttarfélag, og að við stöndum saman innan ÞÍ. Margir skemmtilegir atburðir voru tengdir afmælinu.



60  
ára

## Fræðsludagar ÞÍ 6. og 7. febrúar 2025

Fræðsludagar voru haldnir í Hveragerði í febrúar og voru glæsilegt upphaf afmælisársins. Yfirskriftin Proskapjálfa í 60 ár: **Hvaðan komum við? Hvar stöndum við? Hvert stefnum við?** Þetta náði vel utan um umræðuna, faglegan kraft og þá samstöðu sem einkenndi dagana. Á fræðsludögum var lagður grunnur að stefnumótun Proskapjálfafélags Íslands til næstu tíu ára sem stjórn vann áfram að á starfsárinu og verður kynnt á aðalfundi.



## Heimsráðstefna AIEJI í Kaupmannahöfn

Heimsráðstefna proskapjálfa var haldin dagana 19.-22. maí í Kaupmannahöfn og var yfirskrift ráðstefnunnar Social educators change lives. Þátttakendur voru 580 og komu frá yfir 30 löndum og Ísland var fjölmennasta þátttökupjóðin, með um 180 þátttakendur.



19.-22. maí 2025



Nokkrar myndir frá heimsráðstefnunni



Skemmtilegt er frá því að segja að tilkynnt var að næsta heimsráðstefna AIEJI verður haldin í Reykjavík dagana 22. til 24. maí 2029



## Móttaka brautskráða nemenda með BA próf í proskapjálfafræðum 12. júní 2025



Proskapjálfafélag Íslands tók á árinu á móti proskapjálfanemum í BA námi í proskapjálfafræði og veitti, í samstarfi við Proskahjálp og Háskóla Íslands, viðurkenningu fyrir framúrskarandi lokaverkefni. Val dómnefndarinnar 2025 var verkefnið

„Valnámskeið um einhverfu – Um ein-hverfu frá einhverfum“ eftir Ragnhildi Jónsdóttur og Söru Kristjánsdóttur. Verkefnið byggir á rödd og reynslu einhverfra sjálfra og leggur áherslu á innngildandi og skynseginvænar kennslu-aðferðir.



## Útskriftarathöfn fyrir proskapjálfanema

sem voru að ljúka 60 ECTS eininga viðbótardiplómu til starfsleysis í proskapjálfafræði

Líkt og undanfarin ár var brautskráð í tvennu lagi og fóru brautskráningarathafnirnar fram í Frjálsípróttahöllinni í Laugardal. Auk þess brautskráðust 41 með viðbótardiplóma í proskapjálfafræði til starfsleysis sem proskapjálfar og fengu þeir nú sem áður sérathöfn þar sem Proskapjálfafélag Íslands

fagnaði þeim sérstaklega í Háskóla Íslands. Kolbrún P. Pálsdóttir, forseti Menntavísindasviðs hélt ávarp við athöfnina og afhenti skírteini til útskriftanema. Laufey Elísabet Gissurardóttir, formaður Proskapjálfafélags Íslands flutti einnig ávarp við þessi tímamót.

Óskum þeim öllum til hamingju og verið hjartanlega velkomin í PÍ.

## Nokkrar myndir frá útskrift 2025



## Greinaskrif Proskapjálfafélags Íslands

### Rödd þeirra sem bera kerfið uppi og rétturinn til að nota hana

Formenn 12 fag- og stéttarfél-aga í heilbrigðisþjónustu sendu inn grein apríl 2026 þar sem þeir benda á mikilvægi þess að þeir sem hafa tekið að sér hlutverk formanna, stjórnarmanna og trúnaðarmanna á vinnstöðum fyrir fag- og stéttarfélag, njóti raunverulegrar verndar, ekki bara á tyllidögum, heldur í framkvæmd og reynd. Þeir benda á að það þurfi að vera ljóst að gagnrýni, fagleg ábending og opin umræða sé ekki ástæða til refsinga, heldur forsenda umbóta.



Greinina í heild má lesa [hér](#)



### Hvers virði er starfsleyfið okkar?

Í október 2025 er grein eftir fimm formenn heilbrigðisstétta innan BHM. Stundin er runnin upp! Þann 24. október eru 50 ár liðin frá kvennafrídeginum 1975 en þá þustu konur þessa lands út á göturnar, kröfðust launajafnréttis og að störf þeirra, launuð jafnt sem ólaunuð yrðu metin að verðleikum. Hvaða árangur hefur náðst?

Greinina í heild má lesa [hér](#)

### Samfélagið - RÚV

Launasetning háskólámenntaðra á opinberum vinnumarkaði er hvað lægst hjá heilbrigðisstétum. Hvaða áhrif hefur langtíma undirmönnun á gæði heilbrigðisþjónustu? Þetta ræddu Laufey

Elisabet Gissurardóttir, formaður Proskapjálfafélags Íslands og Steinunn Bergmann, formaður Félagsráðgjafafélags Íslandsí Samfélaginu á RUV22. september 2026. Sjá má viðtalið nánar hér: [Samfélagið - Spilari RÚV](#)



### Lág laun og álag í starfsumhverfi valda skorti á fagfólki

Formenn þriggja fag- og stéttafélaga skrifuðu grein í september 2025 það eru formenn Proskapjálfafélags Íslands, Iðjubjálfafélags Íslands og Félagsráðgjafafélags Íslands.

Greinin fjallaði um að árum saman hafa heilbrigðisstéttir hér á landi varað við því að stærsta auðlind heilbrigðiskerfisins, starfsfólkið, fari þverrandi.

Í heimsfaraldrinum afhjúpaðist þessi staða og vert er að minna á að það er ekki heilbrigðiskerfinu sjálfu að þakka hversu vel Ísland kom út úr faraldrinum heldur fagfólkinu sem þar starfar.

Greinina í heild má lesa [hér](#)



## Gullmerki afhent á Bessastöðum

### Í tilefni af 60 ára afmæli Proskapjálfafélags Íslands

Þann 2. október 2025 var haldin móttaka á Bessastöðum í tilefni af 60 ára afmæli Proskapjálfafélags Íslands. Þar veitti Halla Tómasdóttir forseti Íslands eftirlifandi stofnendum félagsins og fyrrverandi formönnum þess gullmerki félagsins. Myndin hér að neðan er tekin við það tækifæri, en á henni eru frá vinstri forseti Íslands Halla Tómasdóttir, Árni Már Björnsson, Anna Elísabet Ólafsdóttir, Guðný Stefánsdóttir, Margrét Ríkharðsdóttir, Ingveldur Sigurðardóttir, Sonja Larsen, Hrefna Haraldsdóttir, Helga Birna Gunnarsdóttir, Birgitta Guðlaugsdóttir, Margrét Lísá Steingrímsdóttir, Sólveig Steinsson og Laufey Elísabet Gissurardóttir.



# Afmælisráðstefna á alþjóðadegi þroskapjálfa

Afmælisþing Þroskapjálfafélags Íslands, Vettvangur á tímamótum, var haldið á alþjóðlegum degi þroskapjálfa 2. október 2025 í Gamla bíói. Þar fögnuðum við þessum merku tímamótum og styrktum tengslin innan stéttarinnar. Dagskráin hófst klukkan 17 með drykkjum og veitingum en Laufey Elísabet Gissurardóttir, formaður félagsins, opnaði málþingið. Veislustjórar voru þær

Bjarnveig Magnúsdóttir og Sigríður Árnadóttir en þær stóðu sig gríðarlega vel í að stýra þinginu og kynna inn erindi. Inga Sæland félags- og húsnæðismálaráðherra kom í upphafi þingsins með stutt erindi. Hún þakkaði þroskapjálfum fyrir störf sín og undirstrikaði mikilvægi vinnu þeirra og baráttu fyrir lífi fatlaðs fólks. Hún lauk erindinu með söngnum „Simply the best“, sem fékk góðar undirtektir.



60  
ára

Afmælisráðstefna



## Viðtöl við tvo af stofnendum ÞÍ

Í tilefni afmælisársins voru tekin viðtöl við tvo af stofnendum félagsins, proskapjálfa Hrefnu Haraldsdóttur og Kristjönu Sigurðardóttur. Þær rifjuðu upp stofnun félagsins, fyrstu skrefin í starfi proskapjálfa og hvernig starfshættir og hugmyndafræði hafa þróast á síðustu 60 árum. Þessi viðtöl er hægt að hlusta á og eru að finna á heimasíðu ÞÍ.

## Hlaðvarp sem ber heitið Proskapjálfinn á Spotify

Nú hafa verið gefnir út sex hlaðvarpsþættir á Spotify á vegum félagsins. Í þáttunum ræðir Auður Björk Kvaran, proskapjálfi og hlaðvarpsstjóri ÞÍ, við kollega sína um fjölbreytt málefni er snerta stéttina. Meðal viðfangsefna voru fræðsludagar, málefni framhaldsskóla, öldrunarmál og málefni barna af erlendum uppruna. Einnig var fjallað um starfsheitið proskapjálfi og rætt við „proskapjálfasystur“ í líflegu spjalli.



## Proskapjálfinn 2026

kom út á afmælisdegi Proskapjálfafélags Íslands 18. maí 2026

Proskapjálfinn er fagrit proskapjálfa og inniheldur fjölbreyttar og áhugaverðar greinar sem varpa ljósi á störf proskapjálfa í samfélaginu. Meðal efnis má nefna:

- Þróun menntunar proskapjálfa og vettvangsnám.
- Áfallamiðuð nálgun í þjónustu við fatlað fólk.
- Inngildandi háskólanám á Íslandi og á Spáni: samanburður á Háskóla Íslands og Pablo de Olavide háskólanum á Spáni.
- Um einhverfu frá einhverfum og valnámskeið um einhverfu við Háskóla Íslands.
- Málþing Proskapjálfafélags Íslands 2026.
- Heimsráðstefna AIEJI í Kaupmannahöfn (19.-22. maí 2025).
- 60 ára afmæli Proskapjálfafélags Íslands.



Proskapjálfa er hægt að nálgast á [heimasíðu](http://heimasíðu) Proskapjálfafélags Íslands

## Erlent samstarf

Proskapjálfafélag Íslands á aðild að Nordisk Forum for Socialpedagoger (NFFS), samtökum norrænna proskapjálfa. Í þessu samstarfi eru, auk Íslands, félög frá Noregi, Danmörku, Færeyjum og Grænlandi. Einnig er Proskapjálfafélag Íslands með aðild að AIEJI (International Association of Social Educators). Danmörk hefur haft formennsku í NFFS síðustu tvö árin, og hafa stjórnarfundir verið haldnir í Kaupmannahöfn. Nú hefur Noregur tekið við

formennskunni og verður næsti fundur í Osló í september.

Á þessum fundum fara löndin yfir svokallaðar landsrapport, sem þau senda inn fyrir fundinn. Í þessum skýrslum kemur meðal annars fram: núverandi stjórn málaástand, kjaramál, vinnuástandur, vinnutími, atvinnuleysi og um innra starf félaganna, svo sem fræðsludagar, málþing, aðalfundir o.fl.



Mynd frá stjórnarfundum NFFS í Kaupmannahöfn 2025

## Umsögn til Alþingis

Proskapjálfafélag Íslands sendi inn umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 (afnám áminningarskyldu o.fl.). 157. löggjafarþing 2025-2026. Þingskjal 913 – 536. mál. Stjórnarfrumvarp.

[Hér](#) má sjá umsögnina á heimasíðu Alþingis



[www.throska.is](http://www.throska.is)

## Skýrsla gjaldkera starfsárið 2025

Gjaldkeri vann með formanni og framkvæmdastjóra félagsins árið 2025. Hann hefur átt samráð við formann, framkvæmdastjóra og stjórn félagsins um rekstur þess. Gjaldkeri situr einnig í stjórn Vísindasjóðs PÍ. Hagnaður varð af rekstri félagsins á rekstrarárinu að fjárhæð 7,6 m.kr. Eigið fé í lok ársins var jákvætt um 141,5 m.kr. skv. efnahagsreikningi. Á árinu var gerð sú breyting að samnings-

bundið fræðslugjald / iðgjald upp á 0,1% samkvæmt kjarasamningum PÍ við ríki og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu og var greitt beint til BHM færðist yfir til aðildarfélaganna frá árinu 2025. Iðgjöldin eru ekki hluti af tekjum félagsins heldur er haldið sérstaklega utan um móttækin iðgjöld á sérstökum innláns- og mótþreikningi sem hafa ekki áhrif á rekstrar né efnahagsreikning félagsins.

## Skýrsla trúnaðarmannaráðs 2025-2026

Trúnaðarmannaráð hélt tvo fundi á starfsárinu, staðfund og fjarfund. Staðfundurinn var haldinn í húsnáðinni BHM í Borgartúni 27 þann 8. september 2025. Á fundinum var farið yfir kjarasamningana sem félagið hefur gert við ólíka viðsemjendur og einstök mál tengd þeim rædd. Starfsmatskerfið sem sveitarfélögin og Reykjavíkurborg eru aðilar að var kynnt fyrir trúnaðarmönnum. Rætt var um stöðu mála í tengslum við endurmat starfa hjá sveitarfélögunum og gerð stofnana-samnings við framhaldsskólanna. Kynntar voru breytingar á reglum þeirra sjóða sem þroskaþjálfar hafa aðgang að í gegnum BHM auk annarra mála. Fjarfundur var haldinn 23. febrúar 2026 á Teams. Á fundinum var farið yfir kjarasamningsbundnar hækkningar og ýmis

ákvæði kjarasamninga þvert á viðsemjendur. Einnig var farið yfir bókanir tengdar samningunum sem unnið er að á samningstímanum. Trúnaðarmenn voru fræddir um uppbyggingu kröfugerða félagsins en þar eru tilgreind þau atriði sem trúnaðarmannaráð, félagsmenn og stjórn vilja að samninganefndir vinni að við gerð kjarasamninga. Á fundunum var einnig sagt frá því sem helst er á döfinni í starfsemi félagsins auk annarra mála. Trúnaðarmenn voru hvattir til að skipuleggja fund með félagsfólki á þeirra svæði og formanni félagsins. Þá var einnig minnt á að trúnaðarmenn endurnýi umboð sitt en það skal gert á tveggja ára fresti og samkvæmt lögum félagsins skal það gert á oddatöluári.

## Skýrsla laganefndar 2025-2026

Laganefnd PÍ hefur fundað með formlegum hætti nokkrum sinnum á starfsárinu 2025-2026 auk óformlegra samtala milli funda. Hlutverk laganefndar er að vinna að og gera tillögur að lagabreytingum á lögum félagsins. Laganefnd hefur haldið áfram því verkefni að endurskoða lög félagsins í anda núverandi kynjaorðræðu þannig að merking laganna breytist ekki. Var þetta gert með því að rýna í lög sambæri-

legra stéttarfélag og bera þau saman við lög Þroskaþjálfara. Þessari vinnu er lokið í bili þar sem lögð var áhersla á að taka út „félagsmenn“ og setja inn í staðinn „félagsfólk“. Laganefnd rýndi einnig 3. gr. laganna í kafla II sem snýr að aðild að félaginu og úrsögn. Verða þessar tillögur kynntar betur á aðalfundi félagsins.

## Skýrsla fagrads 2025-2026

Meðlimir í fagræði héldu flestir áfram með störf sín þetta árið fyrir utan smávægilegar breytingar. Anna Björk Sverrisdóttir hafði áður verið tengiliður stjórnar og í hennar stað kom Auður Björk Kvaran. Aron Freyr Hermannsson og Sigríður Árnadóttir luku einnig störfum sínum fyrir ráðið. Birgitta Elín Helgadóttir og Sara Hlín Liljudóttir

komu inn í staðinn. Sara Hlín forfallaðist síðar og vantaði því einn meðlim yfir árið. Við þökkum Önnu, Aroni og Sigríði fyrir vel unnin störf í fagræði árið 2024-2025. Fagræð hefur haldið 10 formlega fundi á þessu ári og var stór hluti þeirra í gegnum Teams og restin átti sér stað í húsnáðinni PÍ.

Aðalverkefni fagrads á þessu ári var að skipuleggja málþing PÍ sem hefur verið hefð að halda annað hvert ár. Málþingið var haldið dagana 19. og 20. mars á Hótel Berjaya Reykjavík með yfirskriftinni „Störf og starfsvettvangur í samfélagi fjölbreytisleikans“. Uppselt var á málþingið sem þýddi að tæplega 300 gestir mættu. Tekin var ákvörðun snemma að hafa málþingið í tvo daga í stað eins dags eins og oftast hafði verið. Fagræð tók upp á því að hluti málþingsins yrðu fjölbreyttar málstofur þar sem málþings-gestir gætu valið sér fyrirlestra í málstofum sem vakti áhuga þeirra. Innblásturinn af þessum breytingum var að hluta til ráðstefna AIEJI í Kaupmannahöfn í maí síðastliðnum. Næsta ráðstefna verður haldin árið 2029 hér á Íslandi og því tilvalið að spreya sig með öðruvísidagskrá. Veðrið stríddi okkur að sjálfsögðu eins og svo oft áður. Ákveðið var að streyma seinni deginum rafrænt fyrir þau sem ekki gátu komist. Það virtist ekki hafa mikil áhrif á mætinguna og var seinni dagurinn vel sóttur þrátt fyrir veðrið. Könnun var lögð fyrir gesti að málþingi loknu og benda niðurstöður til þess að vel hafi heppnast og málstofur séu komnar til að vera á málþingum PÍ í framtíðinni.

## Skýrsla útgáfuráðs 2025-2026

Starfsemi útgáfuráðs var með hefðbundnum hætti á þessu ári. Vinna við nýtt blað hófst strax á haustdögum og voru fundir haldnir reglulega á Teams yfir starfsárið. Eins og undanfarin ár er nýtt blað væntanlegt í maí. Vinna við það hefur gengið vel, en þegar þetta er skrifað eru flestar greinar komnar í hús og þær síðustu væntanlegar á næstu dögum. Eftir það er það lokafrágangur og uppsetning og svo lítur 1. tbl. 25. árgangur Þroskaþjálfans dagsins ljós.

Við í útgáfuráði viljum þakka öllum þeim þroskaþjálfum og þroskaþjálfanum sem skrifuðu efni í blaðið fyrir þeirra framlag. Við erum strax farin að hugsa um næsta blað og viljum nota tækifærið hér til þess að hvetja þroskaþjálfara í hvaða störfum sem þeir starfa til þess að skipta sér af efni blaðsins, koma með tillögur um efni, skrifa greinar eða koma með ábendingar um efnistöð.

## Skýrsla siðanefndar starfsárið 2025-2026

Hlutverk siðanefndar er að stuðla að siðferðilegri ihugun og vitund meðal þroskaþjálfara og halda siðferðilegri umræðu á lofti innan félagsins. Til siðanefndar er hægt að beina fyrirspurnum um ráðgjöf og umfjöllun um siðferðileg málefni, auk erinda vegna hugsanlegra brota á siðareglum félagsins. Siðanefnd úrskurðar um erindi sem henni berast um meint brot á siðareglum PÍ eins og þær eru á hverjum tíma. Á þessu starfsári hefur siðanefnd fundað alls sex sinnum og skipulagði auk þess einn fræðslufund, þann 11.2.2026, um Samning SP um réttindi fatlaðs fólks frá mismunandi sjónarhornum; í fyrsta lagi Átaks – félags fólks með þroskahömlun, í öðru lagi persónulegs talsmanns fatlaðs fólks á Alþingi og í þriðja lagi þroskaþjálfara á vettvangi.

Siðanefnd hefur til umræða tölvu með gögnum sem vistuð eru á lokuðu TEAMS svæði nefndarinnar. Þar eru skráð formleg erindi, sem berast siðanefnd, og afgreiðsla þeirra. Gögnin eru ekki persónugreinanleg og einungis skráð til að hafa yfirsýn yfir mál, sem berast. Ekkert formlegt erindi barst til siðanefndar PÍ á yfirstandandi starfsári. Siðareglurnar eru mikilvægur leiðarvísir, þegar upp koma atvik sem þarfnast skoðunar, og eru um leið verkfæri fyrir þroskaþjálfara til að líta í eigin barm, ígrunda og til að efla sig í starfi. Siðareglur og starfsreglur siðanefndar eru aðgengilegar á heimasíðu Þroskaþjálfafélags Íslands <http://www.throska.is/is/um-felagid/thi/sidareglur>

## Skýrsla Vísindasjóðs starfsárið 2025-2026

Skýrsla Vísindasjóðs starfsárið 2025-2026 Framkvæmdastjóri Þroskaþjálfafélags Íslands gekk frá greiðslum Vísindasjóðsstyrkja fyrir 1. mars 2026 samkvæmt úthlutunarreglum

sjóðsins. Styrkir voru greiddir fyrir tímabilið 1. janúar 2025 til 31. desember 2025. Alls voru greiddir 737 styrkir eða alls krónur 83.675.297.

### Nefndarstörf starfsmanna ÞÍ hjá BHM

- Framkvæmdastjóri ÞÍ er formaður Styrktarsjóðs BHM
- Framkvæmdastjóri ÞÍ er fulltrúi BHM í starfsmatsnefnd Reykjavíkurborgar.
- Framkvæmdastjóri ÞÍ er fulltrúi BHM faglegri stjórn starfsmats.

Nefndir og ráð félagsins hafa fundað í gegnum fjárfundabúnað og í raunheimum síðasta starfsár eins og stjórn félagsins. Mikilvægt er að hafa virkt félagsfólk sem endurspeglast í starfi félagsins. Þessum aðilum verður seint fullpakkað.

Sjá skýrslur frá ráðum og nefndum félagsins hér aftar í skýrslunni.

Stjórn vill þakka öllum þeim þroskaþjálfum sem hafa komið að starfi félagsins sérstaklega fyrir vel unnin störf.

Gildi félagsins eru **Áræðni, Framþróun og Sveigjanleiki**



Reykjavík 20. maí 2026  
Fyrir hönd stjórnar Proskapjálfafélags Íslands,  
*Laufey Elísabet Gissurardóttir, formaður ÞÍ*

## Tillögur kjörnefndar í stjórn, nefndir og ráð fyrir 2026-2028

Stjórnarmenn	hlutverk	verður áfram/segir af sér	gefur kost á sér í stjórn 2026-2028
<b>Stjórn ÞÍ</b>			
Laufey E. Gissurardóttir	formaður	(2024-2026)	Laufey E. Gissurardóttir
Jóhanna Lilja Ólafsdóttir	varaformaður	(2025-2027)	
Auður Björk Kvaran		(2025-2027)	
Særún Ósk Böðvarsdóttir		(2024-2026)	Ingunn Rán Kristinsdóttir
Steinunn Jónsdóttir		(2024-2026)	Áslaug Rut Kristinsdóttir
Pórdís Adda Haraldsdóttir		(2025-2027)	
Gerður Pálsdóttir		(2024-2026)	Gerður Pálsdóttir
<b>Útgáfuráð</b>			
Rósa Halldórsdóttir		(2024-2026)	Lilja Gissurardóttir
Sunna Líf Kristjánsdóttir		(2024-2026)	Sunna Líf Kristjánsdóttir
Trausti Júlíusson		(2025-2027)	
Venný Haraldsdóttir		(2025-2027)	
Guðrún Benjamínsdóttir		(2024-2026)	Katarzyna Beata Kubis
Valborg Helgadóttir		(2025-2027)	
<b>Fagráð</b>			
Sara Hlín Liljudóttir		(2025-2027)	Íris Björk Ágústsdóttir *
Ólöf Hafína Ingólfssdóttir		(2024-2026)	Bjarghildur Pálsdóttir
Bjarnveig Magnúsdóttir		(2024-2026)	Erna Björk Ingadóttir
Birgitta Elín Helgadóttir		(2025-2027)	
Jóhanna Margrét Einarsdóttir		(2025-2027)	
Póra María Rögnvaldsdóttir		(2024-2026)	Særún Ósk Böðvarsdóttir
Kristín Hulda Þórarinsdóttir		(2024-2026)	Sigurbjörg Ö. Möller
<b>Laganefnd</b>			
Damian Marek Idzikowski		(2025-2027)	
Guðlaug Valgeirsdóttir		(2025-2027)	
Arne Friðrik Karlsson		(2024-2026)	Halla Kristín Guðlaugsdóttir
Katrín Eyjólfssdóttir		(2025-2027)	
Björn Finnbogason		(2024-2026)	Björn Finnbogason
<b>Kjörnefnd</b>			
Stefanía Smáradóttir		(2025-2027)	
Kristrún Huld Sigurðardóttir		2025-2027	
Álfheiður Hafsteinsdóttir		(2025-2027)	
Íris Björk Ágústsdóttir		(2024-2026)	Naomi Rut Roberts
Ragnhildur Þórarinsdóttir		(2024-2026)	Póra María Rögnvaldsdóttir

### Skoðunarmenn reikninga

Sigríður Rut Hilmarsdóttir  
Fanney Sumarliðadóttir



PROSKAPJÁLFAFÉLAG  
ÍSLANDS

